



Kennsluáætlun

Danska 2019 - 2020

8. bekkur

Kennari: Sigríður Ólöf Sigurðardóttir

4 kennslustundir á viku

Við vinnum í þessum allt skólaárið og meginmarkmið kennara er að kynna dönskuna á jákvæðan og fjölbreyttan hátt því ef nemendur eru jákvæðir gagnvart tungumálinu er hálfur sigurinn unninn. Sérstök áhersla er lögð á talað mál og tjáningu alveg frá upphafi. Kennslan fer fram á mjög fjölbreyttan hátt. Við munum nota kennslubækurnar Start og Smart, vinna heimavinnu, horfa á bíómyndir og æfa ritun og lestur með aðstoð tölva og skjávarpa. Við munum stunda talþjálfun og verkefnavinnu í pörum og hópum. Ég legg sérstaklega mikla áherslu á talað mál og tjáningu og munum við í tímunum ræða saman á dönsku, æfa framsögn og umfram allt skemmta okkur vel.

Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2013:

Hæfniviðmiðin skiptast upp í þrjú þrep og miða þau saman að þessum þáttum: hlustun, lesskilningi, samskiptum, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Unnið er markvisst eftir Aðalnámskrá og þessir þættir hafðir að leiðarljósi.

Námsefni: við notum kennslubækurnar Smart og Snak Løs en einnig léttlestrarbækur, netið, iPad, allskonar leiki og fleiri kennslugögn sem detta inn hverju sinni.

| | PEMA | VINNA |
|-----------------|--------------------------------------|--|
| HAUSTÖNN | TÓNLIST GRUNNORÐAFORÐI JÓL | Smart. Hlustunaræfingar og spjall, við skoðum tónlistarmyndbönd og fleira á netinu. Leikir og spil. Smart og Snak Løs. Hlustunaræfingar og markviss talþjálfun, við skoðum danskar heimasíður, m.a. tengdar jólum og mat. Föndur, söngur og sögur. |
| VORÖNN | MATUR LAND OG MENNING MÁLFRÆÐI | Smart. Hlustunaræfingar og áfram talþjálfun, við skoðum danskar heimasíður, m.a. tengdar dönsku konungsfjölskyldunni og málefnum líðandi stundar. Smá málfræði. |

Námsmat:

Símat framkvæmt allan veturinn. Kennari notar þrepamarkmið Aðalnámskrár við mat. Öll verkefni metin, sem og heimavinna og skil. Kennari notar stutt próf sem lögð eru fyrir í tímum.